

Sjálfsmatsskýrsla

H-20 til V-21

Unnin af

Lind Völundardóttur

Inngangur	3
1.1 Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess	3
Innra mat.....	4
2.1 Kennitölur.....	4
2.3 Áfangamat.....	6
2.4 Skólafundur 2021	8
2.4.1 Samfélag og heilsa	8
2.4.2 Hreyfing.....	8
2.4.3 Næring.....	9
2.4.4 Kynheilbrigði	9
2.4.5 Geðheilbrigði.....	10
2.5 Uppgjörsfundur	11
2.7 Uppgjör erlendra verkefna.....	12
2.7.1 ADVENT: Adventure tourism in vocational education and training	12
2.7.2 DETOUR: Destinations – Wellbeing tourism opportunities for regions.....	13
2.7.3 CultHerStudE+	14
Ytra mat.....	15
3.1. Ungt fólk í framhaldsskólum	15
3.2 Stofnun ársins	16
Viðaukar	17
Viðauki 1 (Áfangamat)	17

Inngangur

Hér birtist sjálfsmatskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2020-2021. Í henni er farið yfir og fjallað um það sjálfsmat sem unnið var í skólanum, sem var að mestu byggt á framkvæmdaráætlun sjálfsmats. Í loka skýrslunnar er fjallað um það ytra mat sem fram fór á árinu. Skýrslan er unnin af Lind Völundardóttur kennara við skólann og lesin yfir af skólameistara fyrir útgáfu.

1.1 Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess

Sjálfsmatskerfi FAS byggir meðal annars á lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi og skólanámskrá. Hér að neðan er að finna verk- og framkvæmdaráætlun sem nær til vorsins 2025. Á slóðinni hér að neðan er hægt að nálgast lýsingu á sjálfsmatskerfi skólans:

<https://www.fas.is/skolanamskra/sjalfsmat/sjalfsmatskerfi/>.

VERK-OG FRAMKVÆMDARÁÆTLUN


Matsþættir	H20		H21		H22		H23		H24		V25
	V21	V21	V22	V22	V23	V23	V24	V24	V25	V25	
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X			
Áfangamat nemenda	X	X			X	X					
Mat á skólastarfi				X						X	
Mat fyrrverandi nem.						X					
Mat samfélagsins								X			
Skólafundur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
Umhverfismál		X		X		X		X		X	
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
Uppgjörsfundir	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	

Innra mat

2.1 Kennitölur

Í þessum kafla er skoðuð þróun nemendaígilda, brottfall og einkunnir FAS frá hausti 2015 til vors 2021. Áhersla er lögð á að bera saman skólaárið 2020-2021 við fyrri ár.

Nemendaígildi við upphaf annar



Mynd 1. Nemendaígildi við FAS eftir önnum

Frá árinu 2015 hefur verið jöfn og þétt fækkun miðað við þá sem skráðir eru í nám í upphafi annar og þá sem skráðir eru í lok annar. Frá hausti 2015 – vors 2018 eru meðal nemendaígildi þeirra sem eru skráðir í nám í upphafi annar 114,3 en meðalnemendaígildi þeirra sem skráðir eru í lok annar 98,3. Mismunur er þar 16,1 nemendaígildi.


Á tímabilinu frá hausti 2018 – til vors 2020 eru meðal nemendaígildi þeirra sem skráðir eru í nám í upphafi annar 97,1 en meðal nemendaígildi þeirra sem eru skráðir í lok annar 86,4 og er munurinn þá 10,8 nemendaígildi.

Þegar þessi tímabil eru borin saman þá sést augljóslega að það fækkar þó nokkuð fjöldi þeirra sem eru skráðir í skólann í upphafi annar á seinna tímabilinu eða haust 2018 – vor 2020. Þær tölur gefa einnig til kynna að munurinn á milli þeirra sem skráðir eru í upphafi annar og þeirra sem skráðir eru í lok annar er minni en á tímabilinu á undan eða hausti 2015 – vors 2018.

Síðasta tímabilið sem skoðað er er haust 2020 – vor 2021 og verður er sýnilegt að það verður mikil aukning á fjölda nemenda sem skráðir eru í skólann, en aukningin er mest áberandi vor 2021. Á vorönn 2021 eru einnig lang flestir nemendur skráðir í skólann, á því tímabili sem skoðað er, eða frá hausti 2015 – vors 2021. Fjölgunin nemur 29,6 nemendaígildum. Einnig eru þeir nemendur sem skráðir eru í lok annar 2021 mun fleiri en á árunum á undan. Þessi þróun er gleðileg og að stórum hluta vegna Fjallamennskunámsins.

Annað athygli vert í þessum tölum að á vorönn 2020 sem er fyrri Covid önn þá er munurinn á þeim sem skráðir eru í upphafi annar og þeim sem ljúka önninni 13,2 nemendaígildi en á haustönn, sem er seinni Covid-önn, er munurinn ekki nema 4,5 nemendaígildi. Þennan merkjanlega mun má rekja til þess að skólinn hafði tækifæri til að breyta uppbyggingu námsins í bekkjakerfi í stað áfangakerfis.

Brottfall frá haustönn 2015 til vorannar 2021




Mynd 2. Brottfall í FAS frá hausti 2015 – vors 2021

Það sést glögg á myndinni hér að ofan að brottfall var í hámarki í skólanum á haustönn 2016 eða 28% og vorönn 2017 eða 26%. Minnsta brottfall við skólann er á vorönn 2018 eða 9%, haust 2018 eða 8% og síðan 4% á haustönn 2020, sem er eins og áður var sagt önnin þar sem skipt var yfir bekkjakerfi, vegna Covid, til þess að ná að kenna sem flestum í skólastofnuninni.

Á öðrum önnum rokkar brottfall frá 10% að 19% og er hlutfallslega hæst á haustönn 2015 eða 18% og vorönn 2016 eða 19%.

Meðaltal lokaeinkunna



Mynd 3. Meðaltal einkunna í FAS


Meðaleikunn hefur verið að hækka undanfarin ár og hefur haldist yfir sjö frá hausti 2019.

2.3 Áfangamat

Á þessu skólaári fór fram áfangamat nemenda. Áfangamatið fór fram rafrænt og var könnunin send á alla nemendur fyrir þá áfanga sem þeir voru skráðir í. Tölurnar sem hér koma fram gilda fyrir hvern áfanga og þá nemendur annars vegar sem skráðir eru og þá sem svara áfangamati. Sem sagt hver nemandi svara áfangakönnuninni oft, eða í þeim áföngum sem þeir eru skráðir. Tölurnar segja til um heildarfjölda skráðra í áfanga, í staðnámi, fjarnám og fjallamennskunámi.

Samkvæmt skráningu í áfanga voru sendar út á 822 skráningar og 338 svör bárust. Það ber að athuga að þessar tölur eru ekki fjöldi nemenda, heldur fjöldi áfangaskráninga.

Af þeim nemendum sem skráðir eru í áfanga bárust 81% svara frá staðnemendum, 13% frá fjarnemendum og 6% frá nemum í fjallamennsku.



Mynd 4 svarhlutfall í áfangamatí FAS

Könnunin innihélt 3 lokaðar spurningar og einn opinn svarmöguleika. Einnig var gert ráð fyrir textasvörum í lokuðu spurningunum. Í lokuðum spurningum var spurt um samskipti við kennara, það sem betur hefði mátt fara í áfanganum og skipulag kennslu.

Svarhlutfall einstakra spurninga, samantekt úr öllum áföngum

Hvernig finnst þér skipulagið í áfanganum? Þar svara **42%** mjög gott og **37%** gott. Mikill meirihluti ánægður með skipulag áfanga.

Hvernig finnst þér kennslan í áfanganum? Svörin þar gefa til kynna að mikill meirihluti er ánægður með skipulag áfanga, eða **42%** mjög gott og **37%** gott.

Hvernig finnst þér samskiptin við kennarann í áfanganum? Þar svara **54%** mjög góð og **30%** góð. Augljóst að lang stærstur hluti nemanda er ánægður með samskiptin.

Það er nokkuð ljóst að nálægðin við skólann hefur mikið að segja um hvort könnuninni er svarað eða ekki. Einnig má hugsa um hvort það þurfi aðrar aðferðir en þær sem við höfum verið að beita til þess að ná til þess stóra og stækkandi hóps sem ekki hefur fast aðsetur í skólanum, eða fjar- og fjallamenskunemenda.

2.4 Skólafundur 2021

Haldinn var skólafundur á vorönn 2021 og er hér að finna texta um skipulag og helstu niðurstöður.

2.4.1 Samfélag og heilsa

Unnið var út frá fjórum viðfangsefnum en þau voru **hreyfing, næring, geðheilbrigði og kynheilbrigði**. Öll þessi atriði voru síðan rædd með þrjú meginatriði í huga, samfélagið í heild sinni, skólann og að lokum efnið rætt úr frá einstaklingum. Hér að neðan verða útlistaðar helstu niðurstöður frá hverjum hópi fyrir sig.

2.4.2 Hreyfing

Samfélagið

Hópurinn var sammála því að aðstaðan til að stunda hreyfingu í Sveitarfélaginu Hornafirði er nokkuð góð þó svo að sum íþróttamannvirki eru kominn til ára sinna. Mikið var rætt um líkamsræktarstöð og með því að bjóða upp á stærri líkamsræktarstöð væru meiri líkur á því að einstaklingar sem eru ekki nógu virkir yrðu virkari. Einnig var rætt um að mikilvægt væri að virkja fjölskyldur í að hreyfa sig saman og bjóða því upp á opinn fjölskyldutíma í íþróttahúsinu fyrir barnafjölskyldur. Að vera fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög varðandi hreyfingu var talið mikilvægt af nemendum, t.d. með því að vera með virkar keppnir þar sem einstaklingar og hópar geta komið og keppt sín á milli sem ýtir undir virkni í samfélaginu og hreyfingu.

Skólinn

Þegar umræðan snerist að skólanum þá voru nemendur ánægðir með gott samstarf milli skólans og aðila úti í samfélaginu sem stuðla að hreyfingu t.d. líkamsræktarstöðvarinnar og ungmennafélagsins. Nemendur voru einnig ánægðir með þá fjölbreyttu hreyfingu sem hægt er að stunda í skólanum og voru hæstánægð með þá nýjung að farið sé að bjóða upp á núvitund, jóga og markþjálfun. Það sem mætti þó betur fara var að klúbbbar skólans mættu bjóða upp á viðburði sem myndu stuðla að hreyfingu en ekki vera einungis viðburði sem felast í sér að sitja og taka þátt. Hópurinn taldi að það væri mikilvægt að blása lífi í verkefnið *heilsueflandi framhaldsskóla* innan FAS og virkja nemendur til þess að stuðla að hreyfingu. Einnig var talað um mikilvægi þess að nemendur framkvæmi þær hugmyndir sem þeir fá, t.d. að standa sjálfir fyrir móti eða keppnum í ýmsum greinum.

Einstaklingurinn

Þegar kom að því að ræða um einstaklinginn þá var lítið eftir af umræðutíma og það helsta sem var rætt þar að hvetja hvert annað til þess að stunda hreyfingu.

2.4.3 Næring

Samfélagið

Nemendur voru nokkuð ánægðir með þá aðstöðu sem boðið er upp í Sveitarfélaginu Hornafirði, t.d. mótuneyti í skólum og stórum fyrirtækjum. Þegar rætt var um hvert við viljum stefna sem samfélag í næringarmálum þá snerist umræðan um að fara hollari leið með því að draga úr sýnileika sætinda og gera vörur sem eru í hollari kantinum sýnilegri og ódýrari. Aðgangur að smoothie og salatbar í verslunum gæti ýtt undir það að einstaklingar velji hollari kost. Til þess að bæta okkur sem samfélag þá þurfum við meiri fræðslu um hollari kosti í matvælum og gott væri að hafa t.d. aðgang að blóðsykursmælingum til að geta mögulega fyrirbyggt sykursýki.

Skólinn

Nemendur voru mjög ánægðir með mótuneyti skólans og fjölbreyttu fæðuna sem boðið er upp á í skólanum. Nemendur myndu vilja hafa greiðan aðgang að ávöxtum og grænmeti sem hægt væri að grípa í milli kennslustunda. Nemendur töluðu um að þar sem FAS væri hluti af verkefninu *heilsueflandi framhaldsskóli* þá væri hægt að bjóða upp á hollari mat og aðgang að ávöxtum og grænmeti.

Einstaklingurinn

Ekki náðist að ræða viðfangsefnið út frá einstaklingnum.

2.4.4 Kynheilbrigði

Samfélagið, skólinn og einstaklingurinn

Umræðan í hópnum var svipuð hvað varðaði samfélagið, skólann eða einstaklinginn.

Það var þó rætt um að lítið væri um kynfræðslu í samfélaginu og sú litla fræðsla sem var hafi ekki verið nógu yfirgripsmikil. Samfélagið mætti vera opnara yfir umræðu um kynheilbrigði og hlutum sem snúa að því.

Skólinn

Nemendur myndu vilja fá betri og ítarlegri fræðslu um t.d. kynsjúkdóma, getnaðarvarnir og tíðarhring kvenna. Ásamt það setja heilbrigð mörk. Mest af umræðunni fór í að ræða mörkin.

Þar kom klám mikið við sögu og hvort alvefurinn væri orðinn aðalvettvangurinn fyrir fræðslu og að mynda sambönd.

Einstaklingurinn

Það skapaðist umræða um þennan lið í hópnum, en í hópnum voru eingöngu stúlkur. Það var talað um aðgengi að getnaðarvörnum og fræðslu, þannig að það var töluverður samhljómur þar með umræðunni um samfélagið. Aðeins var farið inn á klám og að „allir“ væru að upplifa mikil áhrif af því inn í sitt líf, kannski ekki að horfa, en umhugsun um hvort klám væri að setja sviðið fyrir kynferðislega hegðun og samskipti kynjanna. Einnig var minnst á mikilvægi Instagram-síðna á borð við #karlmennskan og #fávitar.

2.4.5 Geðheilbrigði

Samfélagið

Hópurinn var ánægður með að úrræði í samfélaginu eru til staðar á borð við sálfræðipjónustu og netspjall við sérfræðing. Niðurstaða hópsins var að einnig væri mikilvægt að það sé virkt tómstunda- og félagsstarf. Rætt var um að gott væri ef sálfræðipjónustan væri oftari í boði og mikilvægt þótti að opna umræðu um geðheilbrigðismál í samfélaginu, með t.d. fræðslu eða samtali við fólk sem hefur gengið í gegnum geðsjúkdóma.

Skólinn

Rætt var um mikilvægi námsráðgjafa í skólanum og hve auðvelt það er að fá aðgang að kennurum og starfsfólki til þess að ræða ýmis málefni ekki endilega tengt náminu sjálfu. Í skólanum er unnið með núvitund og jóga og fá nemendur mörg tól og tæki til þess að aðstoða sig í framtíðinni, einnig eru skýrar reglur varðandi skaðleg efni og forvarnarstefnan er skýr. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að nauðsynlegum úrræðum. Aukin fræðsla um sjálfsvíg sem skapar umræðu og hjálpar e.t.v. einhverjum einstaklingum að ræða hlutina. Mikilvægt er að hafa úrræði sýnileg og minna reglulega á þau.

Einstaklingurinn

Mikilvægt er að einstaklingar kynni sér málefni geðheilbrigðis og finni aðra einstaklinga til þess að ræða hluti við, hvort sem það séu vinir, fagaðilar eða aðrir sem þeir treysta. Nota sér herferðir líkt og #segðuþaðupphátt þekkja gildin sín og tilfinningar. Mikilvægt að halda umræðu á lofti og ekki gera heilbrygða umfjöllun ekki að það að tabúi.

2.5 Uppgjörsfundur

Á uppgjörsfundum í lok annar var farið í gegnum verkefni vetrarins og hvernig þau hafa gengið. Farið var yfir þau verkefni sem hafa verið í gangi og hvernig þeim hefur vegnað, hvaða verkefni hafa klárast á önninni og hugsanleg ný verkefni á næstu önn.

Á fundinum kom fram að brottfall fjarnemenda var meira á þessari önn en á undanförunum árum. Þetta virðast vera nemendur sem eru skráðir í einstaka áfanga, en ekki á brautir í skólanum.

Fjallamenskunám við skólann hefur á þessum tveimur önnum sem um ræðir í þessari skýrslu, náð að toppa sig margfalt, með aðsókn nemenda, fjölda kennara, innleiðingu AIMG vottunar á náminu í samvinnu við Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi. Aðsókn í fjallanámið á næstu önn H-21 sprengdi skalann. Nýtt nám við skólann á vorönn var jákvæð heilsuefling, þar sem kennt er jóga og núvitund en einnig fá nemendur að prufa markþjálfun og kynnast því hvað jákvæð sálfræði er.

Velt var upp þeim vanda að ná til nemenda með erlent tungumál, en ekki talað um lausnir. Það kemur fram að meira samstarf var við félagsþjónustuna á þessari önn en á önnunum á undan. . Einnig var rætt um leiðir til að bæta námsaðstoð við nemendur. Þær hugmyndir sem koma fram um þetta málefni voru, að hafa fasta áfanga inni í töflu sem nemendur mættu í og fengju aðstoð með það sem þeir þyrftu. Í kjölfarið var rætt um hvað margir tímar væru kenndir ef nemendur mættu líka í opna verkefna- og námsaðstoðartíma.

Samþykkt var á fundinum að skoða hvernig hægt væri að koma fyrir vinnu- og námsaðstoðar kennslustundum án þess að bæta við vinnu nemenda. Kveikjan að hugmyndum í þessa veru eru skipulagsbreytingar sem farið var í vegna Covid, þegar að skipt var yfir í bekkjarkerfi á haustönn 2020, en út úr því fyrirkomulagi komu margar mjög góðar niðurstöður um meiri samskipti og jákvæðar hópamyndanir. Það helsta sem var neikvætt fyrir þessa skipulagsbreytingu var að þeir sem stóðu námslega verr einangruðust í sínum hópi.

Það kom fram vilji til að skoða breytingar og hugmyndir um að gefa meiri sveigjanleika og leyfa nemendum að skipuleggja nám sitt meira sjálfir. Tilgangur breytinga væri að geta byrjað ögn seinna á morgnana og fækka árekstrum í töflu nemenda.

Almenn samstaða var um að ekki megi þó minnka kröfur eða gefa eftir ábyrgð nemenda á eigin námi.

Að lokum var ákveðið að þeir kennarar sem vilja halda fjórum kennslustundum í töflu láti vita af því en aðrir leggja töflugerð í hendur áfangastjóra og skólameistara.

2.7 Uppgjör erlendra verkefna

Þrjú erlend verkefni kláruðust á þessari önn.

ADVENT: Adventure tourism in vocational education and training

DETOUR: Destinations – Wellbeing tourism opportunities for regions

CultHerStudE+

2.7.1 ADVENT: Adventure tourism in vocational education and training

FAS sótti um styrk til menntaáætlunar Evrópusambandsins, Erasmus+ árið 2017 til að vinna þriggja ára samstarfsverkefni í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ævintýraferðapjónustu. Styrkurinn var veittur og hófst verkefnið haustið 2017. Samstarfsverkefni þetta var unnið af aðilum frá þremur löndum, Finnlandi, Skotlandi og Íslandi, þar sem ferðapjónustufyrirtæki, menntastofnanir og rannsóknarstofnanir unnu saman að þróun námsefnis fyrir ævintýraferðapjónustufyrirtæki.

Markmið verkefnisins var að efla starfendanám sem nýst gæti fyrirtækjunum til að þróa sig í starfi og stuðla að endurmenntun starfsmanna sinna. Nám þetta byggði á þörfum ferðapjónustufyrirtækjanna en þau réðu að stórum hluta innihaldi námsins. Reynslumiklir aðilar frá fyrirtækjunum og skólarnir unnu saman, með stuðningi rannsóknarstofnananna, að gerð námsefnisins. Unnin voru níu ævintýraferðanámskeið, þrjú í hverju þátttökulandi þar sem fengist var við þætti eins og leiðsögn, staðarþekkingu, útivist sem meðferðarform, menningu, ferðamálafræði, notkun snjalltækja í markaðssetningu og ferðir í mismunandi umhverfi og náttúru (s.s. ferðir á jöklum, í skógum, á strandsvæðum, vörnum, jökullónum og á sjó).

Námskeiðin voru ýmist leidd af ævintýra-ferðapjónustufyrirtækjunum eða skólunum og öll voru þau prufukeyrð af aðilum frá þátttöku-stofnunum og fólki úr ævintýraferðapjónustu geiranum. Innra mat og lokaniðurstaða styrkveitenda leiddi í ljós að ADVENT verkefnið heppnaðist vel og hefur það nú þegar leitt til þess að FAS hefur fengið aðra styrki til frekari verkefnavinnu í þágu ferðapjónustunnar.

Heimasíða verkefnisins er <https://adventureedu.eu/is>.

2.7.2 DETOUR: Destinations – Wellbeing tourism opportunities for regions

Árið 2019 bauðst FAS að taka þátt í Erasmus+ verkefni sem snýr að því að efla fyrirtæki í ævintýraferðapjónustu á sviði heilsueflandi ferðapjónustu. Samstarfsverkefni þetta var unnið af aðilum frá Danmörku, Írlandi, Portúgal (Asóreyjum), Skotlandi og Slóveníu, auk Íslands.

Markmið DETOUR verkefnisins voru að veita verkmenntaskólum, hagsmunaaðilum í þróun ferðapjónustu og litlum og meðalstórum ferðapjónustufyrirtækjum þekkingu og færni til að nýta tækifæri innan heilsueflandi ferðapjónustu, til að stuðla að nýsköpun, aukinni fjölbreytni á markaði og svæðisbundnum, sjálfbærum hagvexti ferðapjónustunnar innan ákveðinnar landshlutapátttöku landanna. Verkefnavinnan fólst í því að mynda starfssamfélag áhugasamra aðila um heilsueflandi ferðapjónustu og í framhaldi af því voru unnir verkefnahlutar þar sem skoðaðar voru, og lagðar til bjargir varðandi það hvernig skapa má staðbundin tækifæri til uppbyggingar heilsueflandi ferðapjónustu.

Áhersla var á að auka skilning á tækifærum heilsueflandi ferðapjónustu sem framtíðarsóknartækifærum fyrir ferðapjónustuna í Evrópu. Unnin voru námskeið og önnur bjargráð tengd þekkingaröflun, viðburðastjórnun og stafrænni markaðssetningu, allt efni sem nýst getur til að efla skilning og auka tækifæri ferðapjónustuaðila á sviði heilsueflandi ferðapjónustu. DETOUR verkefninu lýkur 2021.

Heimasíða verkefnisins er: <https://www.detourproject.eu>

2.7.3 CultHerStudE+

Árið 2018 bauðst FAS að taka þátt í verkefninu CultHerStudE+ ásamt, Lettlandi, Grikklandi, Ítalíu og Eistlandi.

Markmið verkefnisins að hvetja nemendur og samstarfsskóla til að uppgötva og skoða eigin menningararf og samstarf þjóðanna. Í þeim tilgangi að örva hugmyndir um ferðapjónustu sem gæti höfðað til yngra fólks. Eitt markmið verkefnisins var að efla hjá þátttakendum þá tilfinningu að tilheyra sameiginlegu evrópsku rými.

Á þessum tveimur árum sem verkefnið náði yfir, voru kynnt fyrir nemendum framtíðaratvinnutækifæri á þeim svæðum sem voru heimsótt. Það var gert með því að sýna fram á hvernig menningararfleifð sameinar raunverulega sögustaði og sérkenni í náttúru hvers lands, í þeim tilgangi að búa til, eða leiða hugann að því að hanna leiðsögn um sögu og náttúru sem myndi höfða til aldurshóps nemenda.

Í ferðalögum og hópavinnu þeim tengdum var áherslan á staðbundna arfleifð, framsetningu hennar og túlkun í þeim tilgangi að gera náttúru og sögu skiljanlegri fyrir nemendur og samstarfsaðila.

Takmarkið var að allt efni, nema skipulagning ferðalaga milli landa, væri unnið af nemendum sjálfum, jafningafræðsla og reynslumenntun voru þar í forgrunni.

Þannig fylgdi verkefnið beint markmiðum stefnumótandi samstarfs og þessum orðum

„Arfleifð okkar: þar sem fortíðin mætir framtíðinni“.

Verkefninu lauk þrátt fyrir farsótt sem setti strik í reikninginn, á næstum tilsettum tíma, eða núna á vorönn 2021.

Heimasíða verkefnisins er: <https://herstu.fas.is/>.

Ytra mat

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður skýrslu frá Rannsókn & greiningu sem gerð var rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2020. Umfjöllunin hér er sérstaklega um þann hluta skýrslunnar sem unninn er fyrir FAS.

3.1. Ungt fólk í framhaldsskólum

Rannsókn & greining vinnur á hverju ári rannsókn fyrir framhaldsskóla landsins. Í niðurstöðum er hægt að sjá hvernig nemendur í FAS koma út miðað við síðastliðið ár, en einnig er hægt að bera saman meðaltal á landsvísu í þeim atriðum sem skoðuð er hverju sinni. Að þessu sinni voru skoðuð eftirtalin atriði, nikótínnotkun (reyk, púða og neftóbak), ölvun og ólögleg vímuefni. Félagslegir þættir voru skoðaðir, svo sem viðhorf til náms, líðan og heilsu. Einnig var líðan nemenda skoðuð með tengsl við Covid-19 í huga.

Nemendum í skólanum finnst námið 0% tilgangslaust og okkar nemendum leiðist minna en nemendum á landsvísu.

Í Covid þá var augljóst að nemendum almennt á landsvísu fannst erfiðara að mynda tengsl, hugsa skýrt og takast á við vandamál. Einnig kom fram aukið stress, minni bjartsýni og nemendum fannst þeir gera minna gagn á þessum tíma. Sjá má sömu niðurstöður ef FAS er skoðað en þó í heldur meira mæli en á landsvísu Sérstaklega var mikill munur þegar nemendur í FAS voru spurðir um það hvort þeim fyndist þeir gera gagn var munurinn milli ára mikill, árið 2018 fannst 78% þeir gera gagn en 2020 ekki nema 41%. Mismunur er mestur þegar spurt var um hvor nemendur hafa hugsað skýrt og hvort þeim hefur gengið vel að takast á við vandamál. Nemendur í FAS upplifðu minni streitu en almennt. 80% töldu sig fá þann stuðning í náminu sem þurfti frá kennara og 87% töldu bein samskipti við kennara góð. Flestir höfðu þá aðstöðu og tækni sem þeir þurftu á að halda á heimili sínu, en 10% nemenda höfðu ekki góða aðstöðu

heima. Sama gildir um stuðning frá heimili í Covid-19, flestir höfðu hann, en um 24% lítinn eða engan. Flestum eða 63% nemenda líkaði kennslufyrirkomulagið í skólanum í faraldrinum.

Almennt er gleðilegt að sjá að notkun ávanavana og vímuefna fer jafnt og þétt minnkandi frá aldamótum. Daglegar reykingar eru komnar niður í 1% á landsvísu og eru í okkar úrtaki ekki mælanlegar. Notkun rafretta er einnig að dala mikið frá 2018 eða rúm 11%. Áfengisneysla hefur einnig farið minnkandi. Skólinn sem lægsta skorið hefur er 7% en hæsta er 34% og er FAS þar í hærra meðaltali með 27%. Langflestir skólar eru á bilinu 22-26%.

Niðurstöðurnar eru jákvæðar og í samræmi við markmið skólans.

3.2 Stofnun ársins

Í þessum kafla var meiningin að fjalla um könnun sem Rannsókn og greining gerir ár hvert, en niðurstöður hafa ekki borist. Það bíður því betri tíma.

Viðaukar

Viðauki 1 (Áfangamat)

1. Hvernig var skipulagið í áfanganum?
Mjög gott ()
Gott ()
Sæmilegt ()
Slæmt ()
2. Hvernig finnst þér kennslan í áfanganum?
Mjög góð ()
Góð ()
Sæmileg ()
Slæm ()
3. Hvernig finnast þér samskiptin við kennarann í áfanganum?
Mjög góð ()
Góð ()
Sæmileg ()
Slæm ()
4. Hér getur þú skrifað nokkur orð um það sem þér finnst gott og það sem hefði mátt vera betra í áfanganum. Hafðu meðal annars í huga kennsluna, álag, verkefnin og námsefnið.